

AUGLÝSING

um deiliskipulagsmál í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

Deiliskipulagsbreyting, Hraunbraut 1, L213339, og Skólabraut 8, L194470, breytt skilgreining, stækkun lóðar og aukið byggingarmagn.

Um er að ræða deiliskipulagsbreytingu sem tekur til Hraunbrautar 1 og Skólabrautar 8 innan þéttbýlisins að Borg. Í breytingunni felst stækkun lóðar og byggingarreits umhverfis Skólabraut 8 og að lóð Hraunbrautar 1 er breytt úr lóð fyrir einbýlishús í lóð fyrir raðhús.

Samþykkt í sveitarstjórn 5. mars 2025.

Deiliskipulag, Villingavatn, L237203, bátaskýli.

Um er að ræða nýtt deiliskipulag sem tekur til skilgreiningar á byggingarheimildum fyrir geymsluhúsnæði/skemmu á lóð Villingavatns, bátaskýlis, L237203.

Samþykkt í sveitarstjórn 5. mars 2025.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 30. maí 2025.

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,
Vígfús Þór Hróbjartsson.

B deild - Útgáfudagur: 16. júní 2025